

Ég er fædd hér í Reykjavík í desember 1968 en er Snæfellingur að ætt og uppruna. Foreldrar mínir voru við nám hér þegar ég fæddist og sleit ég því barnsskónum í Breiðholti og hóf skólagönguna þar. Þegar ég var sex ára flutti fjölskyldan í Stykkishólm og átti ég góð æskuár í Hólminum. Þar var blómlegt æskulýðsstarf fyrir börn, bæði í kirkjunni, barnastúkunni, hjá st. Fransiskussystrum og hjá Ungmennafélaginu Snæfelli og tók ég virkan þátt í öllu þessu starfi og æfði bæði frjálsar íþróttir og körfubolta. Ung að árum fór ég líka að vinna eins og tíðkaðist þá. Ég starfaði í bæjarvinnunni, í frystihúsunum, á hótelinu, á sjúkrahúsinu, pósthúsinu og víðar. Í gegnum atvinnuþátttöku á fjölbreyttum vettvangi kynntist ég mörgu góðu fullorðnu fólki sem kenndi mér til verka og miðlaði mér vinnusiðferði þar sem samviskusemi, vandvirkni og virðing fyrir samverkamönnum var í öndvegi.

Þegar ég var að alast upp var enginn framhaldsskóli á Snæfellsnesi og því þurftu þau ungmenni sem hugðust ganga menntavegin að hleypa heimdraganum. Ég fór í MR og lauk stúdentsprófi þaðan, sem nýstúdent hélt ég til Parísar þar sem ég var við nám í Sorbonne einn vetur í frönsku og menningarsögu. Þaðan lá leiðin í HÍ þar sem ég lagði stund á heimspeki og lauk ég BA-prófi í þeirri grein. Að því námi loknu innritaðist ég í guðfræði og lauk kandidateksprófi árið 2002. Á Háskólaárunum var ég virk í stúdentapólitík, var í stjórn Vöku, sat í stúdentaráði HÍ og í stjórn stúdentaráðs. Ég var einnig í stjórn Soffíu, félags heimspekinema. Einn vetur var ég Nordplus-skiptinemi í Árósum og var svo utanskóla í guðfræði síðustu tvö árin eftir að eiginmaður minn, dr. Jón Ásgeir Sigurvinsson, hóf doktorsnám við Háskólann í Freiburg.

Árið 2003 var ég vígð til Grundarfjarðar og var ég prestur þar í 5 ár. Frá 2008-2018 var ég sóknarprestur í Staðholti í Borgarfirði og skipuð dómkirkjuprestur í ágúst 2018.

Ég hef setið í stjórn PÍ og var varaforformaður félagsins um skeið, verið í stjórn Hjálparstarfs kirkjunnar og fulltrúaráði þess og setið í Héraðsnefnd Borgarfjarðarprófastsdæmis. Ég hef verið leiðandi í uppbyggingu á pílagrímastarfi innan íslensku Þjóðkirkjunnar og er einn af stofnendum félagsins Pílagrímur sem hafa staðið fyrir pílagrímagöngum úr Borgarfirði á Skálholtshátíð frá árinu 2011. Félagið hefur einnig staðið fyrir því að láta stíka leiðina frá Bæ í Borgarfirði í Skálholt og sett upp upplýsingaskilti á leiðinni sem vísa fólki veginn og segja frá menningarlandslaginu sem ferðast er um.

Þá hef ég einnig staðið fyrir vikulegum örpílagrímagöngum frá Dómkirkjunni frá 2018 og tekið þátt í erlendu samstarfi pílagrímastrepa. Frá 2016 hef ég farið með hópa á Jakobsveginn á Spáni þar sem ferðast er í ytra og innra landslagi á aldagamalli pílagrímaleið.

Ég hygg að fjölbreytt reynsla mín af vettvangi kirkjunnar gæti nýst vel á kirkjuþingi.

Ég hef verið prestur í sveit, þorpi og borg. Hef búið á prestssetri, haldið kirkjustað og þekki aðstæður kirkjunnar í borginni nokkuð vel.

Það er ljóst að miklar breytingar hafa átt sér stað á aðstæðum kirkjunnar á undanförunum misserum. Það er mikilvægt að heildstæð þjónusta kirkjunnar á landsvísu sé tryggð og að þjóðkirkjan standi vörð um söfnuðina, eigur sínar og þjóna sína. Það er mikilvægt að tryggt sé að starfsaðstæður innan þjóðkirkjunnar séu í samræmi við fjölskyldustefnu kirkjunnar og tryggt sé að samstarf og afleysing geti tryggt hvíld og frítíma þjóna hennar.

Ég hygg að þær miklu breytingar sem hafa átt sér stað á aðstæðum kirkjunnar á undanförunum misserum sem og breyttur tíðarandi kalli á það að þjóðkirkjan endurskoði margt í starfsháttum sínum. Engu að síður er brýnt að kasta ekki barninu út með baðvatninu þegar verið er að endurskipuleggja rekstur kirkjunnar. Ég hygg að mikilvægt sé að fara

varlega í það að selja eignir og leggja niður prestaköll. En sé það gert sé það vel ígrundað svo tryggt sé að eignir séu ekki seldar á hrakvirði eða dregið úr þjónustu kirkjunnar. Fram hefur komið að fjárhagsstaða kirkjunnar er mjög viðkvæm, þar hefur margt komið til. Niðurskurður á sóknargjöldum frá eftirhrunsárunum hefur ekki enn verið leiðréttur með gríðarlegum afleiðingum fyrir söfnuði landsins. Þá hefur þjóðkirkjan orðið fyrir miklum fjárhagslegum áföllum vegna málaferla og óvæntra útgjalda. Ljóst er að kirkjuþingið þarf að leggja ríka áherslu á góðan og ábyrgan fjárhagslegan rekstur þjóðkirkjunnar og sparsemi í hvívetna og forgangsroðun í því hver brýnustu verkefni hennar og frumskyldur eru.

Um langa hríð var þjóðkirkjan undir stjórnarsýslulögum og bar að starfa eftir þeim. Ég er þeirrar skoðunar að kirkjan eigi ekki að hvika frá því að starfa í þeim anda og því á stjórnarsýsla kirkjunnar að vera gagnsæ og réttlát og starfsmenn hennar mega aldrei hafa það á tilfinningunni að þeir sitji ekki allir við sama borð eða að stjórnunarhættir hennar séu gerræðislegir.

Ég er þeirrar skoðunar að til þess að þjóðkirkjan geti staðið undir nafni sem þjóðkirkja þurfi hún sífellt að laga sig að árstraumi tímans án þess að gefa sig tíðarandanum á vald. Kirkjan þarf að sigla í takti við þjóðina og þjóna henni af þeirri umhyggju og alúð sem hún var kölluð til í öndverðu. Þjóðkirkjan á að standa vörð um kristna lífssýn á sama tíma og hún á að sýna virðingu og umburðarlyndi gagnvart öðrum trúarbrögðum og lífsskoðunum. Þjóðkirkjan þarf að sinna kærleiksþjónustu sinni af þeim myndarskap og þeirri umhyggju sem sjálfsagt er miðað við erindi hennar. Þjóðkirkjan þarf að tryggja það að þjónusta hennar sé fyrir hendi bæði í borg og á landsbyggðinni. Kirkjuþingið þarf að stuðla að einingu milli „lærðra og leikra“ og koma í veg fyrir togstreitu á milli borgarinnar og landsbyggðarinnar. Aðeins þannig getur þjóðkirkjan farið í gegnum það umbreytingarferli sem 21. öldin krefur hana um.